

Umræðuhópar og smiðjur

Hér er yfirlit yfir smiðjur og umræðuhópa á laugardegi og sunnudegi ásamt stuttum lýsingum.

LAUGARDAGUR		
14:15 - Smiðjur og umræðuhópar 1		
Skátamiðstöðvar fyrir skáta Hamrar, Hraunbyrgi og Úlfjótsvatn	Færni­merkin Starfsráð	Hringferðin Fjöl­gun sjálfboðaliða
15:05 - Smiðjur og umræðuhópar 2		
Alþjóðastarf á eigin vegum Alþjóðaráð	Skátasambönd	Hringferðin Fjöl­gun skátafé­laga

SUNNUDAGUR
10:00 – 12:25
Ný stefna BÍS 2026 – 2030 Stjórn BÍS og skrifstofa

Laugardagur - lýsingar á smiðjum og umræðuhópum.

1. Umferð kl. 14:15

Skátamiðstöðvar fyrir skáta

Hamrar, Hraunbyrgi og Úlfjótsvatn bjóða skátum til samtals og hugmyndavinnu um sameiginlega framtíðarsýn.

Færnimerkin – Starfsráð

Smiðja starfsráðs á Skátapingi 2025 mun að þessu sinni leggja áherslu á nýjungar sem verið er að vinna að í tengslum við færnimerkin, hugmyndir að nýjum færnimerkjum og leiðum til að auðvelda félögum að vinna með færnimerkin í sínu skátastarfi. Þá verða umræður um hvernig við getum sem best stutt við foringja í þeirra störfum.

Hringferðin: Fjölgun sjálfbóðaliða – Stjórn og þrennuþjálfar

Stjórn BÍS og þrennuþjálfarnir verða með umræðuhóp um nýliðaprógram og markmið hringferðarinnar sem snýr að að fjölgun sjálfbóðaliða.

2. Umferð kl. 15:05

Alþjóðastarf á eigin vegum - Alþjóðaráð

Alþjóðaráð verður með vinnusmiðju um alþjóðastarf á eigin vegum.

Skátasambönd

Opin smiðja um starfsemi skátasambanda.

Hringferðin: Fjölgun skátafélaga – Stjórn og skrifstofa

Stjórn BÍS og skrifstofa verða með umræðuhóp um markmið hringferðarinnar sem snýr að fjölgun skátafélaga á Íslandi

Sunnudagur - lýsingar á smiðjum og umræðuhópum.

Stefna BÍS 2026 – 2030

Nú er stefna BÍS, fyrirmynd til framtíðar 2020-2025, að ljúka og skátahreyfingin þarf að fara að undirbúa nýja stefnu fyrir 2026–2030.